

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2018

Efni: Miðlun upplýsinga um kaupendur fullnustueigna

Vísað er í bréf frá Íbúðalánasjóði til Persónuverndar, dags. 27. apríl 2018, og svarbréf Persónuverndar dags. 11. júní sama ár, tilvísun 2018050851VS, en bréfin varða upplýsingamiðlun Íbúðalánasjóðs um kaupendur að fasteignum sem Íbúðalánasjóður eignaðist í kjölfar fullnustuaðgerða til velferðarráðherra og þaðan til Alþingis.


Íbúðalánsjóður hyggst birta umræddar upplýsingar á vefsíðu sinni, enda teljist það heimilt á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þær upplýsingar sem Íbúðalánsjóður hyggst birta á vefsíðu sinni eru upplýsingar um hverjar eignirnar eru, kaupendur þeirra og kaupverð. Íbúðalánsjóður telur viinsslu og miðlun umræddra upplýsinga heimilar til þess að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á sjóðnum og auk þess telur Íbúðalánsjóður að miðlunin sé í þágu almannahagsmuna, sbr. 3. og 5. tölul. 1. mgr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Rétt er að geta þess að vegna fjölmíðlaumræðu um birtingu þessara upplýsinga hafa þegar borist athugasemdir til Íbúðalánsjóðs frá kaupanda fasteigna hjá sjóðnum þar sem þess er farið á leit að upplýsingar um viðkomandi sem kaupanda fasteigna hjá sjóðnum verði ekki birtar.

Íbúðalánsjóður óskar hér með eftir því að Persónuvernd gefi álit sitt á ofangreindu.

Virðingarfyllst

f.h. Íbúðalánsjóðs,



Hafsteinn Viðar Hafsteinsson, lögmaður